



4. gr.

I. kafli laganna fellur úr gildi hinn 31. des. 1971.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum, sem samþykkt voru á Alþingi hinn 19. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, var ákveðið, að við sölu afla í innlendri höfn skyldi, áður en til hlutaskipta samkv. kjarasamningum kæmi, greiða 10% aflaverðmætis í Stofnfjár sjóð fiskiskipa, þó 20% af verði sildar og humars, og þar að auki 17% til útgerðarmanna sem hlutdeild í útgerðarkostnaði. Við sölu afla í erlendri höfn skyldi greiða 22% af heildarsöluverðmæti í Stofnfjár sjóð fiskiskipa, áður en til hlutaskipta kæmi.

Þessi lagasetning raskaði að sjálfsögðu stórkostlega kjarasamningum sjómanna, en ríkisstjórnarflokkarnir reyndu að réttlæta hana með hágrí afkomu útvegsins vegna aflatregðu og lækkaðs afurðaverðs.

Setning umræddra laga olli þegar á þeirri vertíð, sem þá fór í hönd, langvinnu verkfalli á fiskiskipaflotanum og varð orsök þess, að gifurleg verðmæti töpuðust þjóðinni.

Í árslok 1969 var ljóst, að greiðslur þær, sem samkv. lögnum runnu í Stofnfjár sjóð fiskiskipa af óskiptum aflahlut, námu um 430 millj. kr. og framlag af óskiptum afla til hlutdeildar í rekstrarkostnaði nam um 390 millj. kr., eða samtals um 820 millj. kr. á því eina ári.

Til þess að freista þess að firra stöðvun fiskiflotans á síðustu vetrarvertíð vegna kjaradeilna, sem skerðingarlögin mörkuðu svo mjög, var af hálfu Alþýðubandalagsins flutt þingsályktunartillaga um skipun nefndar fulltrúa sjómanna, útgerðarmanna og sjávarútvegsráðuneytisins til þess að gera tillögur um breytingar á umræddum lögum á þann veg, að þau yrðu ekki þrándur í götu samninga sjómanna og útgerðarmanna um kaup og kjör á árinu 1970.

Þessi tillaga fékk ekki afgreiðslu, og til verkfalls kom á bátaflotanum. Það verkfall leystist ekki, fyrr en sú breyting hafði fengið gerð á lögnum, að sá hluti aflaverðsins, sem af óskiptu skyldi fara til hlutdeildar í útgerðarkostnaði, var lækkaður úr 17% í 11%.

Ein meginástæðan til þess, að kjarasamningar tókust á þessum grundvelli, var sú, að sjómenn litu svo á, að hér væri um að ræða fyrsta áfangann á þeirri braut að afnema ákvæði laganna um greiðslur af óskiptu aflaverðmæti.

Þessi ásetningur sjómanna að beita samtakamættinum til að fá lögin afnumin kemur skýrt fram í samþykktum 7. þings Sjómannasambands Íslands, sem haldið var dagana 9.—11. okt. s. l., og í ályktun fulltrúafundar aðildarféлага Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 10. okt. s. l.

Í samþykkt þings Sjómannasambandsins segir m. a.:

„7. þing Sjómannasambands Íslands, haldið í Reykjavík dagana 9.—11. okt. 1970, telur, að ekki verði hjá því komizt að segja upp gildandi bátakjarasamningum miðað við, að þeir verði úr gildi um næstkomandi áramót, til þess, í formi kröfu um hækkaða skiptiprósentu til áhafna á bátum, að keppa að því að ná aftur því, sem tekið var af sanningsbundnum hlut fiskimanna með lögnum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna gengislækkunar ísl. krónu, er samþykkt voru á Alþingi haustið 1968. Heitir þingið á öll sjómannafélög og verkalýðsfélög, sem semja um kjör sjómanna, að segja upp gildandi bátakjarasamningum.

Um s. l. áramót tókst að ná samkomulagi um breytingu á nefndum lögum, þannig að í stað 17% komu 11%, og náðust á þann hátt 6%, er koma áhöfnum fiskiskipanna til góða með 6% hækkun fiskverðs.

Það er álit þingsins að óhjákvæmilegt sé að ná því, sem var tekið af fiskimönnum með nefndum lögum, og þá ekki aðeins af því, sem heyrir undir 21% og 31% samkvæmt lögnum, eins og þau eru nú, heldur einnig 22%, sem tekin eru, þegar skip siglir með aflann og selt er erlendis . . .“

Í ályktun fulltrúafundar aðildarfélaga Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 10. okt. segir svo:

„Með lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi o. s. frv. frá 19. des. 1968 voru kjör sjómanna skert stórkostlega, svo þess eru engin dæmi, að svo harkalegar ráðstafanir hafi átt sér stað gagnvart nokkurri launastétt í landinu.

Samningsbundnum skiptakjörum var allt í einu breytt svo í óhag sjómönnum, að ekki verður lengur við unað. Þrátt fyrir einhuga varnarbaráttu hefur ekki tekizt að halda hlut sjómanna þannig, að lífskjörin rýrni ekki ár frá ári.

Fari svo, að umrædd lög verði ekki felld úr gildi, hafa samtökin ekki aðra leið en að sækja hlut sinn við samningaborðið.

Samtökin krefjast óskerts samningsréttar án lögbindingar um kaup og kjör. Þar sem með fjölmörgum lagasetningum hefur verið kippt stoðum undan grundvelli þeim, sem löggin um verðlagningu sjávarafurða voru byggð á, telja samtökin nauðsyn á endurskoðun umræddra laga.“

Tillögur að nýjum bátakjarasamningum aðildarfélaga Sjómannasambands Íslands og útgerðarmanna, þar sem ekki var gert ráð fyrir breytingu á skerðingarlögnum, en gengið út frá 25% hækkun fiskverðs innanlands, hafa einungis verið samþykktar hjá sjómannadeildum verkafélöganna á Suðurnesjum og Akranesi, en annars staðar ýmist verið felldar eða ekki teknar til atkvæðagreiðslu enn.

Samningar flestra sjómannafélaga, og allra hinna stærstu, eru því lausir, og til vinnustöðvunar getur komið á bátafлотanum hvenær sem er með viku fyrirvara.

Tillögur um nýja kjarasamninga yfirmanna á öllum bátafлотanum, þar sem ekki var gert ráð fyrir, að hreyft væri við ákvæðum laga um greiðslur af óskiptum aflahlut, hafa verið felldar alfarið og samningar yfirmanna á bátafлотanum því lausir um allt land.

Frá samninganefnd yfirmanna á togarafлотanum barst Alþingi svo hljóðandi bréf, dags. 3. nóv. s. 1.:

„Á fundi fulltrúa yfirmanna á botnvörpuskipum, þ. e. skipstjóra, stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna, var samþykkt einróma að skora á Alþingi það, sem nú situr, að fella úr gildi lög um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis ísl. krónu frá 19. des. 1968.

Í upphafi var svo gert ráð fyrir, að lög þessi giltu aðeins nokkurn tíma, meðan útgerðin væri að komast yfir erfiðleikatímabil.

Fari svo, að Alþingi sjái sér ekki fært að verða við óskum viðkomandi, munu þeir krefja útgerðina um auknar kaupgreiðslur, sem jafngilda því, er löggin skerða hlut þessara manna.

Afgreiðsla þessa máls þolir enga bið. Samningar eru lausir 1. des. 1970, og mun þá geta komið til vinnustöðvunar hvenær sem er eftir 1. des. 1970 með löglegum fyrirvara.

Samninganefnd yfirmanna á botnvörpuskipum

(undirskriftir).“

Yfirmenn á botnvörpuskipafлотanum hafa nú verið í verkfalli síðan 6. jan. s. 1., og svo til allur togarafлотinn liggur í höfn. Á sama tíma sitja útlenzkir einir að miðum togaranna hér við land. Það er ljóst, að orsök þeirrar vinnustöðvunar, sem nú er á togarafлотanum og við blasir á bátafлотanum, eru þau lög, sem sett voru í

des. 1968 um stórfelldar greiðslur af óskiptum aflahlut í Stofnfjár sjóð og sem hlutdeild í útgerðarkostnaði.

Áætla má, að á þeim tíma, sem lögin hafa gilt, nemi þessar greiðslur um 2000 milljónum króna, og þar af eru um 1000 millj. beint af aflahlut sjómanna.

Sú höfuðröksemd, sem færð var fram til stuðnings lagasetningunni, bág afkoma útgerðarinnar, er ekki lengur fyrir hendi, heldur var afli mjög góður á s. l. ári og afurðaverð í hámarki.

Verði ákvæðum umræddra laga varðandi þá hlutfallstölu aflaverðmætis, sem greidd er af óskiptu, ekki breytt til lækkunar, hækkar um hundruð milljóna á ári sú fjárhæð, sem þannig er tekin, vegna hækkaðs fiskverðs á þessu ári.

Þótt sjómenn njóti við sölu fiskafila á innanlandsmarkaði hækkaðs fiskverðs til jafns við útgerðina, þá eru sérstakar lögþvingaðar greiðslur af óskiptum afla, svo að nemur milljarði króna árlega, með engu móti réttlætanager. Launakjör íslenzkra sjómanna, sem standa undir svo til allri þjóðarframleiðslunni, eru ekki betri en svo, að erfiðlega gengur að manna bátaflotann, enda þótt allir togarar í landinu liggi bundnir í höfn.

Eins og áður er getið, má áætla, að af hlut sjómanna hafi verið tekið í Stofnfjár sjóð og í hlutdeild í útgerðarkostnaði s. l. tvö ár um 1000 millj. króna. Lögin um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu hafa þannig bitnað harkalega á sjómönnum. Þegar ákvæði þessara laga valda því, að togaraflotinn er bundinn í höfn og hvenær sem er getur skollið á verkfall á bátaflotanum, samtímis því sem verð á fiskafurðum er nú hærra á heimsmarkaði en áður hefur þekkt, þá eru afleiðingarnar farnar að bitna svo á þjóðinni allri, að jafnvel þeir, sem að lagasetningunni stóðu, ættu að fara að gera sér ljóst, að lögin verður að afnema.

Sjómenn hafa þó sjálfir fallið á, að lögin verði afnumin í áföngum, og því er í frv. þessu gert ráð fyrir, að sá hluti af óskiptum afla, sem samkv. lögunum á að fara í Stofnfjár sjóð og til greiðslu útgerðarkostnaðar, lækki nú þegar um helming, en falli með öllu niður um n. k. áramót.